



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

28  
10 20  
21

# Jess Gillam og Prokofiev



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.**

**Áætluð tímalengd:**

Bishop Rock: 10'

Fantasía: 10'

Konsert: 14'

Sinfónía: 42'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



KVÍKA  
Eignastýring

Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

**TVG-ZIMSEN**

**28|10**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

RAUÐA RÖÐIN

# Jess Gillam og Prokofiev

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Ryan Bancroft**  
hljómsveitarstjóri

**Jess Gillam**  
einleikari

## Efnisskrá

Doreen Carwithen  
**Bishop Rock, forleikur (1952)**

Heitor Villa-Lobos  
**Fantasia fyrir sópransaxófón og hljómsveit (1948)**  
Animé  
Lent  
Tres animé

Alexander Glazúnov  
**Konsert fyrir altsaxófón og strengjasveit í Es-dúr (1934)**

## Hlé

Sergej Prokofiev  
**Sinfónía nr. 5 í B-dúr (1944)**  
Andante  
Allegro moderato  
Adagio  
Allegro giocoso

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# Ryan Bancroft

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Ryan Bancroft ólst upp í Los Angeles og hóf tónlistarnám sitt þar sem trompetleikari. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn í Skotlandi og Hollandi og stal senunni í Malko-hljómsveitarstjórakeppninni í Kaupmannahöfn árið 2018, þar sem bæði fyrstu verðlaun og áheyrendaverðlaun féllu honum í skaut. Bancroft tók í fyrra við stöðu aðalstjórnanda Þjóðarhljómsveitar BBC í Wales, og tónleikarýnir *The Guardian* sagði nýverið að sem stjórnandi hafi hann „bæði kraft og þokka“ og að túlkun hans hafi verið „ótrúlega áhrifarík og fögur“. Þá er Bancroft „listamaður í samstarfi“ hjá Tapiola-sinfóníettunni í Finnlandi frá hausti 2021.

Bancroft hefur stjórnað fjölda hljómsveita í Evrópu og Bandaríkjunum, meðal annars Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi, Sænsku útvarpshljómsveitinni, Dönsku þjóðarhljómsveitinni og Fílharmóníusveit Rotterdam. Þá hefur hann stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Atlanta, Seattle og Toronto, og mun á næstunni koma fram í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Birmingham og Gautaborg. Hann stjórnar nú á Íslandi í fyrsta sinn.




# Jess Gillam

## EINLEIKARI

Breski saxófónleikarinn Jess Gillam hefur vakið fádæma hrifningu tónlistarunnenda undanfarin ár. Þrátt fyrir að vera aðeins tuttugu og þriggja ára gömul hefur hún þegar komið fram með fjölda hljómsveita, meðal annars Minnesota-hljómsveitinni í Bandaríkjunum, Skosku kammersveitinni og Konunglegu fílharmóníusveitinni. Hún hlaut Classical BRIT verðlaunin árið 2018 og kom fram á hinum frægu Last Night of the Proms-tónleikum sama ár við frábærar viðtökur.

Á meðan heimsfaraldur kórónuveirunnar geisaði stofnaði hún hljómsveitina Virtual Scratch Orchestra, þar sem fólk af öllum kunnáttustigum á hljóðfæri gat safnast saman í netheimum og leikið tónlist með Jess. Yfir 2000 manns frá um 30 þjóðlöndum tóku þátt í verkefninu, frá aldrinum tveggja til níutíu og fjögurra ára. Fyrir á þessu ári sæmdi Elísabet II. Bretadrottning hana riddarakrossinum MBE (The Most Excellent Order of the British Empire) fyrir störf sín að tónlistarmálum.

Jess Gillam hefur gefið út tvo geisladiska hjá Decca, RISE og TIME, og fóru báðir beint í efsta sæti klassíska vinsældalistans í Bretlandi. Hún hefur einnig framleitt útvarpsþætti um klassíska tónlist og er yngsti dagskrárgerðarmaður sem starfað hefur hjá BBC Radio3. Þetta er í fyrsta sinn sem hún kemur fram á Íslandi.



### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Doreen Carwithen hljómar á tónleikum á Íslandi svo vitað sé.

# Doreen Carwithen

## BISHOP ROCK OVERTURE

Doreen Carwithen (1922–2003) var fædd í Buckinghamskíri og móðir hennar var tónlistarkennari. Hún var fjögurra ára gömul þegar hún hóf að læra að píanó og fiðlu, og hóf að semja tónlist sextán ára. Þremur árum síðar hlaut hún inngöngu í Royal Academy of Music, þar sem hún lék á selló og lærði tónsmíðar hjá William Alwyn, sem síðar varð eiginmaður hennar. Hún kenndi sjálf tónsmíðar við Royal Academy of Music síðar á ævinni.

Doreen Carwithen var meðal fyrstu nemenda á nýrri braut kvikmyndatónlistar við Royal Academy of Music og samdi síðar tónlist við um 30 breskar kvikmyndir. Meðal þeirra má nefna *Harvest from the Wilderness* (1948) og *The Stranger Left No Card* (1952) auk þess sem hún samdi tónlist við heimildarmynd um krýningu Elísabetar II. Bretadrottningar. Carwithen samdi margs konar hljómsveitarverk, meðal annars konsert fyrir píanó og strengi (1948) og tvo strengjakvartetta. Verk hennar lágu um skeið í gleymsku en hafa undanfarin ár hlotið verðskuldaða athygli á ný.

Forleikurinn Bishop Rock er innblásinn af „Biskupskletti“, litlu skeri við suðurodda Cornwall á Englandi þar sem ekki er pláss fyrir nema einn vita sem lýsir sæfarendum leið. Samkvæmt lýsingu tónskáldsins er forleikurinn „innblásinn af vitanum og lýsir Bishop Rock bæði í stormi og blíðviðri“. Tónlistin er kraftmikil í fyrstu, á að lýsa hafróti við vitann, síðan færirst ró yfir en undir lokin hljómar upphafsstefið enn á ný.





# Heitor Villa-Lobos

## FANTASÍA

Brasilíska tónskáldið Heitor Villa-Lobos (1887–1959) var eitt helsta tónskáld Rómönsku Ameríku á 20. öld og naut mikilla vinsælda bæði heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. Í stærri verkum sínum slær hann þjóðlegan tón, blandar flóknum hrynmynstrum brasilískrar tónlistar við þrástef og fjöltónalítet undir áhrifum frá Stravinskíj og Milhaud. Villa-Lobos samdi sum verka sinna undir áhrifum brasilískrar götutónlistar, til dæmis röð fjórtán verka undir heitinu *Chôros* (1924–29). Einnig samdi hann níu verk undir heitinu *Bachianas Brasileiras* (1930–45) þar sem renna saman áhrif brasilískrar tónlistar og nýbarokks, einkum Bachs eins og yfirskriftin gefur til kynna.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Vigdís Klara Aradóttir lék  
Fantasíu eftir Villa-Lobos með  
Sinfóníuhljómsveit Íslands  
á einleikaraprófstónleikum  
Tónlistarskólans í Reykjavík í  
Háskólabíói árið 1990.

Saxófónninn er áberandi hljóðfæri í mörgum tónsmíðum Villa-Lobos. Sjálfur lék hann á klarínett og átti það til að grípa í saxófón þegar mikið lá við. Einn vina hans frá barnæsku var saxófónleikari að nafni Anacleto de Medeiros, og samstarf þeirra varð kveikjan að mörgum verkum Villa-Lobos fyrir hljóðfærið. Hann samdi töluvert af kammertónlist fyrir saxófón en notaði það einnig í hljómsveitarverkum sínum. Í fjórðu sínfóníu sinni biður hann meira að segja um saxófónkvartett.

Þótt saxófónninn hafi verið Villa-Lobos hugleikinn er Fantasían fyrir saxófón og hljómsveit eina einleiksverk hans fyrir hljóðfærið. Hann samdi verkið árið 1948 fyrir franska saxófónleikarann Marcel Mule, hóf smíðina í New York en lauk verkinu í Rio de Janeiro síðar sama ár. Mule lék Fantasíuna þó aldrei sjálfur, kvaðst aldrei hafa fundið hljómsveitarstjóra sem vildi gera því skil. Það var því pólskur saxófónleikari sem hafði flust til Brasilíu árið 1925, Waldemar Szpilman, sem frumflutti verkið í Rio de Janeiro árið 1951. Þess má til gamans geta að Szpilman þessi var náfrænda Władysław Szpilman, píanóleikarans sem komst lífs af í Varsjá á undraverðan hátt meðan á heimsstyrjöldinni síðari stóð, eins og hann gerði skil í endurminningum sínum og sem lýst var í kvikmyndinni *The Pianist*.



# Alexander Glazúnov

## KONSERT FYRIR ALTSAXÓFÓN

Aleksandr Glazúnov (1865–1936) var nemandi Rimskíj-Korsakovs og var talinn eitt fremsta tónskáld Rússlands um aldamótin 1900. Hann skildi eftir sig fjölda verka, meðal annars níu sinfóníur, sjö strengjakvartetta og konserta fyrir píanó, selló, saxófón og fiðlu. Hann naut ekki síður virðingar fyrir störf sín sem tónsmíðakennari og rektor Tónlistarháskólans í Sankti Pétursborg en þeirri stöðu gegndi hann um áratuga skeið, frá 1905–28.

Upp úr 1910 var Glazúnov í sífellt meiri andstöðu við samtíma sinn og átti fátt sameiginlegt með þeim modernistum sem þá létu að sér kveða. Hann háði líka glímu við Bakkus; samkvæmt endurminningum Shostakovitsj lagði hann það í vana sinn að geyma vínflosku bak við skrifborð sitt í Tónlistarháskólanum og saup á í tímum þegar enginn sá til hans. Glazúnov var mikill velgjörðarmaður Shostakovitsj á námsárum hins síðarnefnda, útvegaði honum námsstyrk og sá til þess að Fílharmóníuhljómsveitin í Leníngrad frumflutti fyrstu sinfóníu hans.

Saxófónkonsertinn var síðasta verk Glazúnovs, saminn árið 1934. Sigurd Raschèr var frægur þýskur saxófónleikari sem hafði lengi átt þann draum að Glazúnov semdi handa sér konsert. Að lokum lét Glazúnov undan en lét þess getið að það hefði eingöngu verið til að „losna undan ofsóknum“ einleikarans. Raschèr frumflutti verkið í Svíþjóð í nóvember 1934 en tónskáldið sjálf lifði ekki að heyra það flutt á tónleikum. Konsertinn er í einum þætti sem skiptist í nokkra hluta. Um miðbikið hljómar íhugull kafli en yfirbragðið verður lífflegra í lokakaflanum. Tónlistin sjálf er einkar íhaldssöm; jafnvel þótt komið væri fram á fjórða áratug 20. aldar hélt hinn tæplega sjötugi Glazúnov sig við þann stíl sem honum var tamur allt frá unglingsárum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sölvi Kolbeinsson lék saxófónkonsert Glazúnovs á tónleikum Ungir einleikarar í Eldborg árið 2014.





# Sergej Prokofiev

## SINFÓNÍA NR. 5

Á meðan síðari heimsstyrjöldin geisaði var Sergej Prokofiev (1891–1953), líkt og öðrum fremstu tónskáldum Sovétríkjanna, komið fyrir í Ivanovo, borg sem liggur um 200 kílómetra norðaustur af Moskvu. Sumarið 1944 voru þar saman komnir auk Prokofíevs þeir Shostakovitsj, Kabalevskíj og Míaskovskíj, og þar gafst þeim betra næði til tónsmíða en í stríðshrjáðu stórborgunum Leníngrad og Moskvu. Prokofíev kvað hafa verið iðnastur þeirra allra í útleigðinni. Þegar sumri tók að halla hafði hann samið áttundu píanósónötu sína, gengið frá ballettinum *Öskubusku* í hljómsveitarútgáfu og samið fimmtu sínfóníuna að mestu. Sextán ár voru liðin frá því að síðast hafði verið frumflutt sínfónía eftir Prokofíev. Frumflutningur þeirrar fimmtu, á tónleikum í Tónlistarháskólanum í Moskvu 13. janúar 1945, var í síðasta sinn sem Prokofíev kom opinberlega fram sem hljómsveitarstjóri. Hann var um það bil að að ganga á svið þegar tilkynnt var að úkraínsk herdeild hefði brotið varnir Þjóðverja á bak aftur. Áður en flutningurinn hófst var því skotið af fallbyssum í fagnaðarskygni og eflaust hefur andrúmsloftið átt sinn þátt í að sínfónían varð einn mesti listsigur Prokofíevs í heimalandi sínu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átta sinnum áður flutt fimmtu sínfóníu Prokofíevs, fyrst undir stjórn Sverres Bruland árið 1972. Síðan hafa stjórnað sínfóníunni þeir James Blair (1977), David Robertson (1986), Osmo Vänskä (1993), Bernharður Wilkinson (2001), Philippe Entremont (2003), Rumon Gamba (2009), Markus Poschner (2014) og Roderick Cox (2019).

Hann naut gleðinnar ekki lengi. Aðeins nokkrum dögum síðar hrasaði hann og fékk heilahristing – við rannsókn kom á daginn að hann þjádíst af of háum blóðþrýstingi – og náði aldrei fullri heilsu á ný. Árið 1948 hlaut hann opinbera fordæmingu hjá menningarpáfum Sovétríkjanna fyrir alþýðufjandsamlegan „formalísma“ í verkum sínum. Verk hans voru sjaldan leikin eftir þetta og þegar hann lést 5. mars 1953 var hann bugaður maður. Ógæfan virtist elta hann í dauða ekki síður en í lífi. Klukkustund eftir fráfall Prokofíevs lést Jósef Stalín og andlát hins mikla leiðtoga kommúnismans skyggði svo að segja algjörlega á andlát eins mesta tónsnillings 20. aldar. Þegar aprílhefti tónlistarblaðsins *Sovietskaya Muzyka* kom út var minningargrein um Stalín á forsíðu, en smáklausu um andlát Prokofíevs var að finna á síðu 117.

Ekki kemur á óvart að fimmta sínfónían skuli hafa vakið hrifningu við frumflutninginn, því að hér er Prokofíev í eðalformi. Fyrsti þáttur er borinn uppi af tveimur meginstefjum. Þótt bæði séu áheyrlig við fyrstu heyrn er eins og Prokofíev vilji ekki gefa of mikið uppi strax í byrjun, heldur halda þau áfram að vaxa

og þróast eftir því sem líður á kaflann. Allt tónefnið er skoðað í nýju ljósi í úrvinnslukaflanum, en að honum loknum heyrir upphafsstefið leikið þrumusterkt, *fortissimo*, af málmblásurum – í lúðrasveitarstíl og með ómstríðum hljómaundirleik.

Annar kaflinn var upphaflega ætlaður í ballettinn *Rómeó og Júlíu* (1935–36). Tónlistin er fremur í anda þess sem Prokofiev fékkst við á þriðja og fjórða áratugnum, einkennist af kaldhæðni, galsaskap og trúðslátum. Hægi kaflinn er alvörugefinn, minnir jafnvel á útfararmars um miðbikið. Lokakaflinn hefst á innhverfum nótum en skyndilega viku hæglátur blærinn fyrir glaðværrí stemningu. Það sem eftir lifir verks leikur Prokofiev við hvern sinn fingur og ákafinn eykst með hverjum takti allt fram að lokahvellingum.

Árni Heimir Ingólfsson

28

10 20  
21

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Pétur Björnsson frá  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Ísak Ríkharðsson  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Roland Hartwell  
Ólöf Þorvarðsdóttir

## Víola

Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Lucja Koczot  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Vigdís Másdóttir  
Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Úlfhildur Þorsteinsdóttir

## Selló

Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Helga Björg Ágústsdóttir

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Úlfar Ingi Haraldsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Björg Brjánsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Helga Björg Arnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Francisco Soutinho Ventura  
Brjánn Ingason

## Horn

Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin

## Trompet

Daniel Egan  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Ásgeir Steingrímsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Frank Aarnink

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Eggert Pálsson  
Helgi Þorleiksson  
Kjartan Guðnason  
Árni Áskellsson

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi  
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi  
Kornelios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri  
Daniel Bjarnason listamaður í samstarfi  
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld  
Vikingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkelsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri  
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Inga María Leifsdóttir markaðsfulltrúi  
Sverrir Hjálmarsson mannauðsstjóri  
Svanhvít Hrólfsdóttir fjármálastjóri  
Kristbjörg Clausen nótnavörður  
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna  
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfsdóttir sviðsstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2021  
2022

# SVARTA RÖÐIN

**Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.**

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**